

Norðurljósaveisla á himni



Glöggir hafa eflaust rekið augun í magnað sjónarspil á himnum undanfarnar nætur þegar norðurljósinn dansa á himninum. Um þessar mundir liggur norðurljósabeltið yfir norðurhvelinu og að því gefnu að himininn sé heiðskír og að úti sé myrkur ætti það

að vera auðsjáanlegt. Ferðamenn flykkjast að til að bera sjónarspilið berum augum en Ægir Þór Þórsson náði þessari mögnuðu mynd af næturhimninum þrýddum norðurljósum í síðustu viku.

SJ

Æfðu reykköfun í Sjávariðjunni



Einhverjum hefur brugðið þegar mikinn reyk lagði frá Sjávariðjunni í Rifi í síðustu viku. Engin hætta var á ferðum heldur var æfing í reykköfun hjá Slökkviliði Snæfellsbæjar. Eftir æfinguna fóru þeir í

skoðunarferð um húsið. Slökkviliðið er mánaðarlega með mis umfangsmiklar æfingar til þess að auka kunnáttu og samvinnu liðsins.

JJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Heimsókn frá Færeyjum

Mánudaginn 9. september tók Snæfellsbær á móti bæjarstjóra og bæjarfulltrúum frá Vestmanna í Færeyjum. Vestmanna er vinabær Snæfellsbæjar og hafa heimsóknir verið reglubundnar undanfarnin ár þó að covid hafi sett strik í reikninginn og er þessi umrædda heimsókn fyrsta vinabæjarheimsóknin síðan fyrir heimsfaraldurinn. Bæjarfulltrúar Snæfellsbæjar tóku vel á móti hópnum og fóru með þá víða um sveitarfélagið. Farið var í heimsókn á Sjóminjasafnið á Hellissandi, Þjóðgarðsmiðstöðina og skoðunarferð um Hellissand að skoða götulistaverkin sem þar þróa bæinn. Jafnframt fóru þau í heimsókn á Malarrif, í Fjörúhúsið á Hellnum, skoðunarferð um Arnarstapa, kíktu á selina á Ytri-Tungu og borðuðu kvöldmat á Hótel Búdum. Gestirnir skoðuðu svo nýja golfvöllinn sem verið er að reisa á Rífi, skoðuðu Svöðufoss og röltu um í Ólafsvík þar sem



þau kíktu á regnbogagötuna, nýju listaverkin og í Höllina. Enduðu þau svo dvölinna á hádegisverð í tanknum á Rífi hjá Hildigunni og Þóri. Í heimsókn sem þessari sýnir það sem enn fremur hvað Snæfellsbær iðar af lífi og afþreyingu. Gestirnir fengu góðar

móttökur hvert sem þau fóru og vill Snæfellsbær koma þökkum til allra þeirra sem að heimsókninni

komu fyrir frábæra leiðsögn, gestrisni og þjónustu.

SJ

Réttað á Snæfellsnesi



Réttir eru víða fram undan á Snæfellsnesi með tilheyrandi hauststemningu, jarmi, réttarkaffi og gleði. Í Hrafnkelsstaðarétt og Mýrum í Grundarfirði, Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík og Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rífi verður réttað þann 21. september næstkomandi. Í Ólafsvík eins og víða annars staðar hefur skapast sú hefð að bjóða upp á kjötsúpu og veitingar, réttargestir

eru boðnir velkomnir í fjárhúsið Lambafell þar sem boðið verður upp á súpuna frá kl 11:30. Réttirnar hefjast svo um klukk- an 12:30.

Þann 28. september verður réttað Í Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Grafarrétt í Breiðuvík og Ölkeldurétt í Staðarsveit. Mikil gleði er alltaf í kringum réttir og eru því allir hvattir til að mæta og vera með í gleðskapnum.

JJ



Bifreiðaverkstæði /Egis,
Rífi, S-4366677

Betra fyrir bílinn

Umhverfissjóður Snæfellsness

Umhverfissjóður Snæfellsness auglýsir eftir umsóknum um styrk í sjóðinn.

Skriflegar umsóknir, með skilgreiningu á verkefni því sem nota á styrkinn í, skal senda í pósti til:

Umhverfissjóðs Snæfellsness,
Klettsbúð 4, 360 Hellissandi

fyrir 20. október næstkomandi.

Stjórn sjóðsins sér um að meta umsóknirnar og mun greina frá niðurstöðum sínum eigi síðar en 15. nóvember.

Umhverfissjóður Snæfellsness



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617






Við hönnum og framleiðum öryggis- og vinnufatnað undir merkjum Mar Wear.

Við þekkjum íslenskar aðstæður vel og tökum mið af þeim í allri hönnun á Mar Wear fatnaði.

Boðið er upp á öryggis- og vinnufatnað fyrir m.a sjómenn, matvælavinnslur, bændur og iðanarmenn.



Ægir vinnusamfestingur

Öflugur vinnusamfestingur sem hentar t.d vel fyrir verkstæðisvinnu og landbúnað.



Ægir loðfóðraður kuldagalli

Vatnsheldur klassískur kuldagalli á flottu verði!
Pólar allt að 30 gráðu frost.



Ægir vatnsheldur jakki

Léttur og lipur regnjakki fær í ýmis konar verkefni.



Ægir regnsett (stakkur & buxur)

Klassískt, létt og sterkt regnsett. Flott vara á flottu verði.



Mar Wear hanskar fyrir vinnandi hendur!

Öflugir vinnuhanskar í úrvali.



Ægir vatnsheldar mittisbuxur

Viðsnúanlegar regnbuxur. Styrking á skálmum og klofi. Stíllanleg axlabönd.



Fritt í sund
alla vikuna

Íþróttavika Evrópu 23.-30. september 2024

Snæfellsbær gerir heilsu hátt undir höfði dagana 23.-30. September og heldur heilsuviku Snæfellsbæjar í sjöunda skipti. Þetta er í þriðja skipti sem þetta er hluti af ÍSÍ íþróttaviku Evrópu.

Á heilsudögum er lögð áhersla á að bjóða íbúum upp á heilsutengda viðburði og kynningar sem henta öllum aldri. Fyrst og fremst er þetta kynning á þeim heilsutengdu viðburðum sem eru nú þegar í boði í Snæfellsbæ og ættu því allir að geta fundið sé viðburð bið hæfi eða sem vekur áhuga.

Íbúar eru hvattir til að mæta á viðburði, skella sér í sund, stunda útivist eða aðra hreyfingu og anda að sér fersku lofti í okkar fallega sveitarfélagi.

Heilsudagar Snæfellsbæjar

Leikskóli Snæfellsbæjar

Leikur að læra þrautabraut
Göngutúrar um bæinn og ávaxta hressing
Ýmsar útfærslur á hugarfrelsisstundum
Danskennsla Jón Pétur
Kynnast nýjum tegundum af ávöxtum, þeim sem hafa ekki verið í boði í leikskólanum
Halda áfram að bjóða upp á hollan og góðan mat í leikskólanum

Grunnskóli Snæfellsbæjar

Danskennsla Jóns Pétur
Sundkennsla 2X í viku
Íþróttakennsla 2X í viku
Litahlaup
Símalaus Grunnskóli
Halda áfram að bjóða upp á hollan og góðan mat í grunnskólanum
Gróðursetning

Smiðjan/Kjarninn

Markmiðið að fara gangandi í helst öll verk þegar veður leyfir
Unnið með jákvæða styrkingu og hvatingu, borin er virðin fyrir dagsformi hvers og eins
2x í viku forum við í íþróttahús Snæfellsbæjar
·2x í viku sinnum við sjálfboðastarfi í matvöruverslun Snæfellsbæjar
·1x í viku sinnum við sjálfboðastarfi í Grunnskóla Snæfellsbæjar
·Fjölbreytt fæða yfir daginn, og ávextir og grænmeti eru með í öll mál

Dvalarheimilið Jaðar

Jóhanna Jóhannesdóttir sér um hreyfingu 2X í viku
Íbúar hafa aðgang að tækjasal þar sem fjölþjálfí, handa- og fótahjól með drifrafti, trampólín og allskonar lóð og boltar
Nuddtæki fyrir herðar og fóta
Boccia eða keila 1X í viku
Blöðrubolti í tilefni heilsuvikunnar
Gönguferðir
Grænmeti og ávextir á borðstólum í matnum líkt og alltaf
Fiskur 4X í viku

Mánudagur 23. september

06:00-07:00 CrossFit, [CF SNB](#)
10:30-11:20 EldraFit, [CF SNB](#)
10:50-12:00 Boccia Eldri Borgarar, [Íþróttahús Snæfellsbæjar](#)
12:00-13:30 Frí kennsla í tækjasal, [SólarSport](#)
12:05-12:50 CrossFit, [CF SNB](#)
14:10-15:10 6 fl. KK & KVK knattspyrna
15:10-16:10 5 fl. KK & KVK knattspyrna
16:10-17:10 Sundæfing 2.-5. Bekkur
16:10-17:10 4 fl. KK & KVK knattspyrna
16:30-17:15 KonuFit, [CF SNB](#)
17:10-18:10 Sundæfing 6.-10. Bekkur
17:10-18:10 3 fl. KK & KVK knattspyrna
17:00-18:00 Spinning, [SólarSport](#)
17:30-18:30 CrossFit, [CF SNB](#)
18:00-19:00 Dívurnar sundleikfimi, Bryndís Kristjánsdóttir
18:10-19:10 2 fl. KVK Knattspyrna
19:30-20:30 Barre Burn, [CF SNB](#)
• Leikskólinn mætir í íþróttahús Snæfellsbæjar

Þriðjudagur 24. september

06:00-07:00 CrossFit, [CF SNB](#)
10:10-11:00 Sundleikfimi Eldri borgarar, Suad Begic
12:00-13:30 Frí kennsla í tækjasal, [SólarSport](#)
12:05-12:50 CrossFit, [CF SNB](#)
14:10-15:10 7 fl. KK & KVK knattspyrna
15:10-16:10 6 fl. KK & KVK knattspyrna
16:10-17:10 5 fl. KK & KVK knattspyrna
16:30-17:15 KonuFit, [CF SNB](#)
17:00-18:00 Teygjur & Core, [SólarSport](#)
17:00-18:00 Barre Burn, [CF SNB](#)
17:10-18:10 4 fl. KK & KVK knattspyrna
17:30-18:30 CrossFit, [CF SNB](#)
18:00-19:00 UnglingaFit, [CF SNB](#)
18:10-19:10 2 & 3 fl. KK & KVK knattspyrna



Miðvikudagur 25. september

- 06:00-07:00 CrossFit, [CF SNB](#)
- 10:30-11:20 EldraFit, [CF SNB](#)
- 11:00-12:00 Boccia Eldri Borgarar, [Íþróttahús Snæfellsbæjar](#)
- 12:00-13:30 Frí kennsla í tækjasal, [SólarSport](#)
- 12:05-12:50 CrossFit, [CF SNB](#)
- 14:10-15:10 6 fl. KK & KVK knattspyrna
- 15:10-16:10 5 & 4 fl. KK & KVK knattspyrna
- 16:10-17:10 Sundæfing 2.-5. Bekkur
- 16:10-17:10 Frjálsar 6.-10. Bekkur
- 16:15-17:15 KrakkaFit, [CF SNB](#)
- 17:00-18:00 Spinning, [SólarSport](#)
- 17:10-18:10 Sundæfing 6.-10. Bekkur
- 17:10-18:10 Frjálsar 3.-5. Bekkur
- 17:30-18:30 CrossFit, [CF SNB](#)
- 18:00-19:00 Hot Butt, [SólarSport](#)
- 18:00-19:00 Dívurnar sundleikfimi, Bryndís Kristjánsdóttir
- 18:10-19:10 2 & 3 fl. KK & KVK knattspyrna
- 18:30-19:30 Barre Burn, [CF SNB](#)
- 19:30-21:00 Blak Pílurnar, [Íþróttahús Snæfellsbæjar](#)
 - Jón Pétur kennir dans í [Grunnskóla Snæfellsbæjar](#)
 - Leikskólinn mætir í [Íþróttahús Snæfellsbæjar](#)

Fimmtudagur 26. september

- 06:00-07:00 CrossFit, [CF SNB](#)
- 10:10-11:00 Sundleikfimi Eldriborgarar, Suad Begic
- 12:00-13:30 Frí kennsla í tækjasal, [SólarSport](#)
- 12:05-12:50 CrossFit, [CF SNB](#)
- 14:10-15:10 7 fl. KK & KVK knattspyrna
- 15:10-16:10 4 fl. KK & KVK knattspyrna
- 16:10-17:10 3 fl. KK & KVK knattspyrna
- 16:30-17:15 KonuFit, [CF SNB](#)
- 17:00-18:00 Teygjur & Core, [SólarSport](#)
- 17:10-18:10 2 fl. KVK knattspyrna
- 17:30-18:30 CrossFit, [CF SNB](#)
- 19:30-20:30 Barre Burn, [CF SNB](#)
 - Jón Pétur kennir dans í [Grunnskóla Snæfellsbæjar](#)

Eldriborgarar Snæfellsbæjar

- EldraFit 2X í viku
- Boccia í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar 2X í viku
- Sundleikfimi 2X í viku

Snæfellsjökulsþjóðgarður

Hressandi göngur um Þjóðgarðinn

Föstudagur 27. september

- 06:00-07:00 CrossFit, [CF SNB](#)
- 12:05-12:50 CrossFit, [CF SNB](#)
- 14:20-14:50 Byrjenabolti, UMF Víkingur/Reynir
- 15:10-15:50 Íþróttaskóli, UMF Víkingur/Reynir
- 16:30-17:30 Barre Burn Karlatími, [CF SNB](#)
 - Litahlaup í [Grunnskóla Snæfellsbæjar](#)

Laugardagur 28. september

- 10:30-11:30 CrossFit, [CF SNB](#)
- 12:00-13:00 Foreldrabolti, [Íþróttahús Snæfellsbæjar](#)

Sunnudagur 29. september

- 10:30-12:00 Barre Burn, [CF SNB](#)

Mánudagur 30. september

- 06:00-07:00 CrossFit, [CF SNB](#)
- 10:30-11:20 EldraFit, [CF SNB](#)
- 12:05-12:50 CrossFit, [CF SNB](#)
- 12:00-13:30 Frí kennsla í tækjasal, [SólarSport](#)
- 16:30-17:15 KonuFit, [CF SNB](#)
- 17:00-18:00 Spinning, [SólarSport](#)
- 17:30-18:30 CrossFit, [CF SNB](#)
- 18:00-19:00 Dívurnar sundleikfimi, Bryndís Kristjánsdóttir
- 19:30-20:30 Barre Burn, [CF SNB](#)

Ýmislegt

Sundlaug Snæfellsbæjar opin:

- 07:30 - 21:00 mánudaga - föstudaga
- 10:00 - 17:00 laugardaga - sunnudaga

Frisbígólf í Ólafsvík og Hellisandi

Frítt í CF SNB

- 06:00-23:30 mánudaga til föstudaga
- 06:00-22:30 laugardaga
- 06:00-15:00 sunnudaga

Smiðjan hefur til sölu fjölnotapoka, ávaxtapoka og íþróttapoka

Sólarsport Líkamsrækt:

- 06:30-21:00 mánudaga til föstudaga
- 10:00-19:00 laugardaga og sunnudaga
- Frí kennsla í tækjasal
- Frítt í spinning, skráning inn á Facebook hóp

Lokahóf Víkings



Á laugardagskvöldið var haldið lokahóf Víkings á Reks þar sem gert var upp gott sumar liðsins og allra þeirra sem að því koma. Jóhann Pétursson, formaður Víkings Ólafsvíkur hélt þar ræðu og fór yfir sumarið og Arnór Siggeirsson, fyrirlíði liðsins fór einnig yfir tímabilið. Eins og vanalega voru veittar viðurkenningar fyrir tímabilið, þar var Ingvar Freyr Þor-

steinsson valinn besti leikmaður Víkings, Asmer Begic var efnilegasti leikmaðurinn og Björn Axel Guðjónsson og Gary Martin voru markahæstu leikmenn liðsins, báðir með 10 mörk á tímabilinu. Sker bauð upp á dýrindis mat og svo var skemmt sér saman og sumarið kvatt með stæl.

SJ

Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2025

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2025.

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara **fyrir 1. nóvember 2024**.

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2024 þurfa að **senda inn ársreikning** með áframhaldandi styrkbeiðni.

Athugið að engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.



Bæjarritari

Ólafsvíkurkirkja – sunnudaginn 22. september kl. 18

Súpa og sálmar

Guðsþjónusta á léttum og fjölskylduvænum notum

Nærum bæði líkama og sál með súpu, söng og góðum félagsskap hvers annars.

Feringarborn og fjölskyldur þeirra eru sérstaklega hvött til að koma.

Velkomin öll og alltaf



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Framkvæmt í Þjóðgarðinum



Miklar framkvæmdir standa nú yfir í Snæfellsjökulspjóðgarði. Lagfæring stendur yfir á bílastæðinu við Djúpalónssand og vegurinn þangað því lokaður til 22. september. Malbikun á bílastæðum stendur yfir og verða merkt stæði fyrir rútur og fólksbíla. Þannig munu stæðum fjölga og nýting á bílastæðinu batna til muna. Til þess að komast á Djúpalónssand á meðan framkvæmdum stendur þurfa gestir að ganga stíkaða leið frá Þjóðveginum. Gönguleiðin er krefjandi og tekur um 45 mínútur. Framkvæmdir standa einnig yfir á Saxhóli en gönguleiðin þang-

að upp hefur verið lokað frá 16. september og er gert ráð fyrir að vinna taki þrjá daga. Þar er unnið að frágangi við útsýnisfall uppi á gígnum. Á miðjum útsýnisfallinum verða gerðir setbekkir, steinþrep hlaðin niður af pallinum og frágangur umhverfis pallinn kláraður.

Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi hefur einnig fengið upplýtingu en nýjar merkingar hafa verið settar á húsnæðið. Fyrirtækið Geislatakni úr Garðabæ smíðaði merkið og sá einnig um uppsetningu þess.

JJ

Nýtt hús risið á Rifi

Vélsmiðja Grundarfjarðar er nú á lokametrunum við byggingu á nýju 800 fermetra húsi að Letisundi 3 á Rifi. Vinna hófst í lok júlí og eru áætluð verklok í september eða október. Um er að ræða iðnaðarhúsnæði með bilum sem einstaklingum og fyrirtækjum gefst kostur á að kaupa. Það samanstendur af átta 100 fermetra bilum og nú þegar hefur helmingur bilanna verið seldur. Annað eins hús stendur við Ártún 4 í Grundarfirði og á síðasta fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar sótti Vélsmiðja Grundarfjarðar um lóðina Ólafsbraut 84 í Ólafsvík fyrir álíka hús og var sú umsókn samþykkt.

SJ



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Lokaleikur Víkings



Lokaleikir 2. deildar karla í Íslandsmóti KSÍ fóru fram laugardaginn 14. september. Mikil spenna var í loftinu því möguleiki var á að Víkingar kæmust upp í fyrstu deild ef allt skyldi falla með þeim. Leikur Víkings á móti Kormáki/Hvöt fór fram á Ólafsvíkuvelli í blíðskaparveðri, fjölmennt var í stúkunni og stemmingin var gríðarleg. Leikurinn byrjaði með hvelli en Luke Williams skoraði strax á 3. mínútu fyrir Víking eftir stoðsendingu frá Asmer Begic. Ekki leið á löngu þar til Luis Alberto Diez Ocerin fékk aukasyrnu eftir að brotið var á honum fyrir utan teig gestanna og skoraði hann annað mark Víkinga á 14. mínútu. Staðan var 2-0 í hálfleik en Kormákur minnkaði muninn á 52. mínútu með

skoti í mark heimamanna. Björn Axel Guðjónsson fékk svo víti á 60. mínútu og kom boltanum á Gary Martin sem smellti honum í mark andstæðingana og lauk leiknum 3-1 fyrir heimamönnum. Þrátt fyrir góðan leik hjá Víkingum dugði það ekki til að komast upp í Lengjudeildina þetta árið þar sem Völsungur og Þróttur V unnu einnig sína leiki og Víkingar enda því tímabilið í 4. sæti deildarinnar með 42 stig. Liðið er búið að standa sig mjög vel á heimavelli í sumar með 31 stigum og 33 mögulegum en það voru útileikirnir sem urðu þeim að falli. Þrátt fyrir að hafa ekki komist upp um deild mega þjálfarar, leikmenn, stuðningsmenn og sjálfbóðaliðar vera stolt af árangri liðsins á tímabilinu.

SJ

Aðalsafnaðarfundur Ólafsvíkursóknar

verður haldinn í safnaðarheimili
Ólafsvíkurkirkju, mánudaginn 23.
september kl. 20

Á dagskránni eru venjuleg
aðalfundarstörf og önnur mál

Sóknarnefnd Ólafsvíkursóknar



Vínbúðin

Grundarfirði óskar eftir verslunarstjóra

Við leitum að öflugum einstaklingi til að ganga til liðs við frábæran starfsmannahóp ÁTVR. Viðkomandi þarf að vera ábyrgðarfullur og hafa vilja og getu til að takast á við margvísleg verkefni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Dagleg stjórnun, birgðahald og umhirða búðar
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunar- og/eða verkstjórn
- Frumkvæði, metnaður og ábyrgð í starfi
- Gott viðmót og rík þjónustulund
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Starfshlutfall er 42,5%. Umsóknarfrestur er til og með 27. september nk.

Öll áhugasöm eru hvött til að sækja um starfið.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is

Nánari upplýsingar: Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Við viljum að vinnustaðurinn sé lífandi og skemmtilegur og vinnum markvisst að því að auka ánægju starfsfólks. Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að þroskast og læra nýja hluti. Þannig eflum við þekkingu og kraft fyrirtækisins.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKing – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

